

# Menntaskólinn í Kópavogi

## Ársskýrsla 2019

Menntaskólinn í Kópavogi

Hótel og matvælastólinn

Ferðamálastólinn

Leiðsögustólinn



## Efnisyfirlit

Hlutverk og stefna	2
Gæðastjórnun	5
Félagslíf	8
Námsráðgjöf	9
Erlent samstarf	10
Afrekssviðið	12
Forvarnir	13
Ferðamálastólinn	14
Leiðsöguskólinn	15
Starfsbraut einhverfa	17
Jafnréttisnefnd	18
Fagnámskeið	19
Mannauður 2019	20
Yfirlit yfir afkomu 2019	25

**Viðauki: Stefnumiðuð áætlun 2020-2022**

## Hlutverk og stefna

Menntaskólinn í Kópavogi starfar samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Skipulag yfirstjórnar skólans skv. 1. grein reglugerðar um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007 er skilgreint í stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára fyrir Menntaskólann í Kópavogi.

Hlutverk skólans er kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, kennsla á iðn- og verknámsbrautum, einkum í matvælagreinum, og kennsla ferðagreina í dagskóla og kvöldskóla, allt með áfanga- og fjölbrautasniði.

Skólinn stuðlar að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Í skólastarfinu skal búa nemendur undir störf og frekara nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, þjálf þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar.

Í skólanámskrá mótar skólinn stefnu sína og markmið skólastarfsins, skipulag skólans og reglur, námsbrautir og áfangalýsingar. Stefna Menntaskólans í Kópavogi er að veita nemendum möguleika til menntunar og þroska á þeirra forsendum í framsæknum skóla. Skólinn kappkostar að bjóða hagnýtt og fjölbreytt nám sem undirbýr nemendur fyrir störf í atvinnulífinu eða frekara nám.

Menntaskólinn í Kópavogi leggur áherslu á þekkingu, þroska, þróun og þátttöku í allri starfsemi skólans með hag nemenda og starfsmanna að leiðarljósi.

Til að vinna að hlutverki og stefnu skólans hefur skólinn skilgreint eftirfarandi stefnuskjöl sem birt eru á heimasíðu skólans ([www.mk.is](http://www.mk.is)) og í stjórnunarhandbók MK.

Forvarnastefna

Gæðastefna

Heilsustefna

Jafnréttisstefna

Menntastefna

Starfsmannastefna

Stjórnunarhættir

Umhverfisstefna

Upplýsingatæknistefna

Vinnuverndarstefna

Innkaupastefna

Alþjóðastefna

Fjölmenningarstefna

Eineltis- og áreitnistefna

### Árið 2019

Margrét Friðriksdóttir skólameistari lét af störfum 1. ágúst 2019. Við starfi hennar tók núverandi skólameistari, Guðríður Eldey Arnardóttir. Helgi Kristjánsson aðstoðarskólameistari fór í námsleyfi frá sama tíma og var Hjördís Einarsdóttir skipuð í stöðu hans til eins árs. Helgi Kristjánsson féll sviplega frá þann 10. október. Andlát hans var skiljanlega mikið áfall. Margrét og Helgi stýrðu skólastarfi í MK styrkri hendi í aldarfjórðung. Framlag þeirra var ómetanlegt.



				2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
FRH	Almenn námsbraut FRH			28	42	45	41	48	47	49	58	58	65
BA9	Bakaraíð			7	6	4	8	8	6	7	8	15	12
FE	Ferðamálanám			34	36	35	40	38	33	34	25	15	9
FGBR	Félagsfræðabraut			383	428	376	340	319	286	246	211	140	111
FR9	Framreiðsla			13	11	17	24	30	26	27	28	31	31
GMF	Grunnnám matvæla/GMV	117**		79	86	81	80	102***	64	85	36*		27
KÖ9	Kjötið			1	2	0	5	4	8	0	1	0	5
LE	Leiðsögunám			68	74	76	81	79	76	74	75	61	44
MA9	Matreiðsla			38	35	51	49	53	58	61	71	103	94
ALPB	Málabraut	- Alþjóðabraut		80	81	71	73	93	84	70	61	40	12
MSI	Meistaránám			30	37	38	26	32	50	55	57	59	53
MS	Matsveinánám			25	24	27	28	18	11	24	14	29	24
MT	Matartæknabraut			14	16	20	17	11	15	0	16	1	21
RGBR	Náttúrufræðibraut - Raugreinabraut			248	260	272	246	249	233	204	160	120	87
SR	Skrifstofubraut			76	112	134	115	101	55	0	0	17	
ST	Starfsbraut			8	14	12	9	13	14	15	14	13	17
VSRB	Viðskipta- og hagfræðibraut			89	97	108	117	114	126	117	120	84	84
VI	Hagnytt fjármála- og viðskiptanám			16	0	25	0	31	23	38	0	0	
VSS	Iðnstúdentar			1	1	2	5	4	2	2	0	1	
10.bek.	Grunnskólanemar			0	0	2	92	167	88	24	40	57	
CR	Cesar Ritz			9	8	12	0	13	0	0	0	0	
LN	Listnámsbraut			1	2	1	1	0	0	0	0	0	
OPBR	Opin braut									12	45	125	162
Skiptinemi			Samtals	1286	1366	1414	1399	1505	1343	1123	1089	1005	858

## Nemendafjöldi

Nemendum hefur fækkað tilfinnanlega á síðustu árum. Stytting námstíma til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú skýrir þessa nemendafækkun að hluta, en jafnframt hefur aðsókn í Ferðamálastólann og Leiðsöguskólann dregist verulega saman. Á haustönn 2020 verða ekki teknir inn nýir nemendur í ferðamálanám en þeim nemendum sem ljúka ekki námi á vorönn 2020 verður boðið að ljúka námi á haustönn þess árs.

Það vekur athygli að aðsókn í kjötið hefur verið mjög lítil á undanförunum árum, sem er mikið áhyggjuefni. Um tíma lagðist kennsla í kjötið af í skólanum en á síðasta ári voru fimm nemendur skráðir í nám. Betur má ef duga skal og stendur til að taka nemendur inn í skólann að hausti 2020 án námssamnings.

## Brotthvarf

Stöðugt er unnið að því að draga úr brotthvarfi nemenda. Nú hefur stöðuhlutfall fjarvistarfulltrúa verið hækkað og heldur einn starfsmaður skólans utan um fjarvistir lögráða nemenda samhliða stuðningi við félagslíf

nemenda. Umsjónarkennarar nemenda undir 18 ára fylgjast með nemendum og ástundun þeirra og taka við þau regluleg viðtöl. Námsráðgjafar fylgja eftir útskriftarefnum bæði í bók- og verknámi. Reglur um mætingar og ástundun hafa verið skerptar og þeim fylgt fast eftir. Námsráðgjafar eru í samvinnu við foreldra/forráðamenn margra nemenda sem standa höllum fæti. Samskiptin fara fram í viðtölum í skólanum, með símhringingum og tölvupósti. Foreldrum allra nýnema er boðið á sérstaka kynningu í skólanum og þeir hvattir til að vera í reglulegu sambandi við skólann ef eitthvað er.

Allir nýnemar skólans eru á fyrstu námsönn sinni í skólanum í sérstökum áfanga með umsjónarkennara sínum þar sem þeim er kennt að halda utan um nám sitt og þau frædd um það sem skiptir máli varðandi námið og uppbyggingu námsferilsins. Námsráðgjafar vinna með framtíðarsýn nemenda og leiðbeina þeim með kynningum á námsleiðum og störfum í samfélaginu.

Ástæður brotthvarfs	Vorönn 2019			Haustönn 2019			Vorönn 2018			Haustönn 2018		
	Piltar	Stúlkur	Samtals	Piltar	Stúlkur	Samtals	Piltar	Stúlkur	Samtals	Piltar	Stúlkur	Samtals
Fór að vinna	1	1	2	6	2	8	3	1	4	7	2	9
Vísað úr skóla	4	3	7	5	1	6	12	4	16		2	2
Nám of erfitt	1	2	3			0	1	3	4			0
Andleg veikindi	3	4	7	2	4	6		5	5	1	1	2
Líkamleg veikindi	1		1			0	2		2	1	1	2
Náðist ekki í viðkomandi		1	1			0			0		1	1
Annað	7	9	21	9	3	20	4	3	31	5	10	16

Unnið var áfram með verkefnið NEMI sem var upphaflega tilraunaverkefni en er til endurskoðunar að hausti 2020.

Það dró úr brottfalli á milli árunna 2018 og 2019 um 14,6%. Gögnin eru ekki þess eðlis að hægt sé að draga af þeim skýrar ályktanir en þó er rétt að skoða sérstaklega aukningu á brottfalli vegna andlegra veikinda á milli ára.



### Útskrifaðir nemendur eftir brautum og kyni

	Vor 2019			Haust 2019		
	PILTAR	STÚLKUR	Samtals	PILTAR	STÚLKUR	Samtals
NÁMSBRAUT						
STÚDENTSBRAUTIR	32	29	61	27	28	55
BAKSTUR	3	1	4			0
FRAMREIÐSLA	3	6	9	5	7	12
KJÖTIÐN	5		5			0
MATREIÐSLA	26	3	29	20	8	28
MATSVEINANÁM	7	17	24			0
MATARTÆKNANÁM			0		13	13
MEISTARANÁM	22	20	42	1	1	2
STARFSBRAUT	1	1	2			0
IÐNSTÚDENT			0	1		1
Samtals	99	77	176	54	57	111

## Gæðastjórnun í Menntaskólanum í Kópavogi

Við Menntaskólann í Kópavogi eru rekin þrjú gæðakerfi - ISO 9001:2015 fyrir allan almennan rekstur skólans, HACCP hreinlætis- og matvælaöryggiskerfi í kennsluumhverfi matvælagreina, og þá hefur skólinn frá hausti 2019 haft vottaðan jafnlaunastaðal IST85:2012.

Með innleiðingu og vottun á IST:85 jafnlaunastaðli geta fyrirtæki og stofnanir komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggji á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun, en Menntaskólinn í Kópavogi var fyrsti framhaldsskóli landsins til að fá jafnlaunavottun.

ISO gæðakerfi skólans samanstendur af yfir 200 skjölum sem stöðugt þarf að halda við, bæta og breyta eftir því sem gæðakerfið þróast. Það er einmitt einn megin kostur gæðakerfisins hve sveigjanlegt það er og öll aðlögun að nýjungum og almennri framþróun er gerð auðveld.

Ytri vottun ISO kerfisins fer fram tvisvar á ári af fyrirtækinu Vottun ehf. Heilbrigðiseftirlitið tekur svo út matvælarými skólans árlega. Þá eru einnig gerðar utanaðkomandi gerlamælingar í öllum matvælarýmum árlega.

## Reglubundin verkefni í gæðakerfi MK

Meðal reglubundinna verkefna til viðhalds á ISO 9001 gæðakerfinu er skráning og staðfesting til þess bærara aðila á rekstrarskjölum er snúa að megin starfsemi skólans. Helstu rekstrarskjöl eru:

**Kennsluáætlanir** í annarbyrjun

**Miðannarskýrslur** um miðja önn

**Áfangaskýrslur** við annarlok

Þessi skjöl eru aðgengileg á rafrænu formi í rekstrarhandbók gæðakerfisins.

Ef þörf hefur verið talin á sérstökum aðgerðum hafa mál fengið umfjöllun hjá stjórnendum og fundin er lausn í samráði kennara við fagstjóra og/eða skólameistara. Ef ekki hafa verið nein frábrigði í kennslu hefur dugað að kennari sendi rafróst á fagstjóra þess efnis vegna þeirra áfanga sem um ræðir.

Í lok annar fylla kennarar út áfangaskýrslur þar sem fram kemur fjöldi nemenda sem skráðir eru í INNU, fjöldi þeirra sem fara í próf eða hafa tekið símat og svo fjöldi þeirra sem hafa staðist áfangann. Notað er yfirgripsmikið skýrsluform vegna áfangaskýrslna þar sem óskað er eftir ítarlega sundurgreindum upplýsingum um niðurstöðu prófa og verkefnahluta áfanga sérstaklega (þ.e. þar sem lokamat byggir á bæði verkefnahluta og lokaprófi). Þessar upplýsingar nýtast til frekari greiningar á falli milli anna sem og á þróun á uppskiptingu milli prófahluta og verkefnahluta í áföngum.

Þá gera kennarar í áfangaskýrslu einnig grein fyrir yfirferð, aðbúnaði og námsgögnum og geta komið fram með athugasemdir varðandi þætti sem þeir telja að þurfi skoðunar við. Fagstjórar rýna áfangaskýrslur og eru þær svo vistaðar í rekstrarhandbókinni. Þegar um frábrigði í kennslu er að ræða gerir fagstjóri sérstaklega grein fyrir slíku í skýrslu sem tekin er til skoðunar sameiginlega af fagstjóra og skólameistara í lok annar.

Þessir þrír þættir, kennsluáætlun, miðannarskýrsla og áfangaskýrsla tryggja að ákveðin vöktun fari fram á starfi kennara við MK og gefa um leið tækifæri til úrbóta um leið og frávika verður vart.

Fagstjórar yfirfara einkunnagiöf kennara með handahófskenndu úrtaki m.t.t. samsettrar lokaeinkunnar. Almennt má segja að þau mál séu nú í góðum farvegi.

Allt námsmat í Menntaskólanum í Kópavogi skal byggja á skriflegum námsmatsreglum viðkomandi deildar. Skal í þeim reglum tryggt að gætt sé meðalhófs og jafnræðis. Samræmi skal vera á milli kennara og áfanga innan deildar



og tryggt að allt námsmat sé áreiðanlegt, réttmætt og byggi á hlutlægum mælikvörðum en huglægt mat kennara lágmarkað.

### Innri úttektir

Í samræmi við ISO gæðakerfið skal fara fram regluleg innri úttekt á verklagsreglum og ferlum stofnunarinnar. Í MK er farið yfir alla verkferla á þriggja ára fresti og eru þá skjalfestir ferlar og fyrirmæli skoðuð og borin saman við daglega framkvæmd viðkomandi verkþáttar. Ef misræmi er greint á milli skjalfestra ferla og framkvæmdar á verkferlum er það hlutverk úttektaraðila (gæðastjóra) í samvinnu við viðkomandi starfsmann (sem starfar eftir verklagsreglunni) að greina hvernig ná má samræmi þar á milli, annað hvort með breytingu á skjölum eða ábendingum um breytt og bætt vinnubrögð.

### Á vorönn 2019 fór fram innri úttekt á eftirfarandi reglum:

VKL-101 Stjórnun gæðamála

VKL-102 Vinnureglur stjórnendaráðs

VKL-103 Samskipti útávið

VKL-307 Prófabald

VKL-308 Mat prófurlausna

### Á haustönn 2019 fór fram innri úttekt á eftirfarandi reglum:

VKL-104 Skjalastýring

VKL-105 Stýring skráa

VKL-201 Skipulagning kennslu og áfanga

VKL-208 Þjónusta upplýsingatæknivers

VKL-209 Innkaup og endurnýjun í upplýsingatækni

VKL-401 Rýni stjórnenda og hlýting gæðakerfa

Þá var einnig gerð innri úttekt á stefnuskjali STS-011 Vörpun gæðastjórnunarkerfis.

Fjölmargar lagfæringar á verklagsreglum og gátlistum voru samþykktar í gæðaráði MK í kjölfar ofangreindra úttekta en í einhverjum tilfellum var skerpt á framkvæmd til að halda samræmi við viðkomandi verklagsreglu.

Til viðbótar ofangreindum verklagsreglum voru fjölmörg önnur skjöl rýnd og endurbætt í framhaldi af ábendingum frá starfsmönnum, ásamt því sem nokkrir gátlistar og LSM skjölum var bætt við rekstrarhandbók skólans.

Hákon Jóhannsson hjá Matvælatækni framkvæmdi mælingar á haustönn 2019. Niðurstöður má sjá í eftirfarandi töflu og til frekari upplýsinga er sýnd þróun þessara mælinga frá árinu 2009.

<b>Gerlamælingar Matvælatækni í MK frá 2009</b>												
	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015V	2015H	2016H	2017H	2018H	2019H
<b>Mjög gott</b>	62	74	74	71	63	53	62	68	56	65	75	85
<b>Sæmilegt</b>	28	13	24	21	24	22	11	16	17	23	18	13
<b>Mjög gott+sæmilegt</b>	<b>90</b>	<b>87</b>	<b>98</b>	<b>92</b>	<b>87</b>	<b>75</b>	<b>73</b>	<b>84</b>	<b>73</b>	<b>88</b>	<b>93</b>	<b>98</b>
<b>Slæmt</b>	9	0	3	3	11	11	19	14	22	8	4	2
<b>Mjög slæmt</b>	0	13	0	5	3	8	8	3	6	3	3	0
<b>Óviðunandi</b>	2	3	0	0	0	6	0	0	0	3	0	0
<b>Sælm+mjög sl. + óvið</b>	<b>11</b>	<b>16</b>	<b>3</b>	<b>8</b>	<b>14</b>	<b>25</b>	<b>27</b>	<b>17</b>	<b>28</b>	<b>14</b>	<b>7</b>	<b>2</b>
<b>Samantekið</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015V</b>	<b>2015H</b>	<b>2016H</b>	<b>2017H</b>	<b>2018H</b>	<b>2019H</b>
Mjög gott/sæmilegt	90	87	98	92	87	75	73	84	73	88	93	98
Slæmt/mjög/óvið.	11	16	3	8	14	25	27	17	28	14	8	2

Á árinu 2019 voru gerðar alls 75 breytingar á skjölum gæðakerfisins (breytt skjöl eða ný).

## HACCP (GÁMES)

**HACCP** er gæðakerfi er tekur til matvælaeftirlits og hollustuhátta við framleiðslu og dreifingu matvæla. GÁMES hefur verið notað sem íslenska útfærslan á þessu kerfi en það er skammstöfun fyrir „Greining áhættuþátta og mikilvægra eftirlitsstaða“. Við matvælanámshluta Menntaskólans í Kópavogi hefur um árabil verið beitt aðferðafræði í samræmi við GÁMES. Á síðustu misserum hefur hugtakið GÁMES vikið fyrir notkun á enska hugtakinu HACCP sem stendur fyrir Hazard Analysis and Critical Control Points.

Gerlamælingar eru hluti af þessu innra eftirlitskerfi og hafa verið reglubundnar í þeim hluta húsnæðis Menntaskólans í Kópavogi sem nýttur er fyrir Hótel- og matvælasólann.

Á hverju ári er gerð úttekt á hreinlæti af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og fór sú úttekt fram í lok árs 2018 en úrbótaskýrsla var send eftirlitinu 25.3.2019 þar sem farið var yfir alla þætti sem komu fram í athugasemdum Heilbrigðiseftirlitsins. Þann 4. apríl barst skólanum tölvupóstur þar sem móttaka úrbótaskýrslu var staðfest og samþykkt.

Gæðakerfi Menntaskólans í Kópavogi eru í sífellndri þróun enda þurfa þau að standast mismunandi reglulegar ytri úttektir á hverju ári. Í vaxandi mæli hafa verið teknir upp rafrænir gátlistar við eftirlit vegna HACCP kerfisins ásamt því sem notkun á einfaldari gátlistum á að gera alla framkvæmd í kerfinu auðveldari og markvissari. Þá mun ný rafræn rekstrarhandbók auðvelda allt eftirlit og innanhússvottun/staðfestingu á þeim vinnuskjölum sem skólinn starfar eftir. Notkun gæðakerfa við rekstur og stjórnun skólans hefur sannað ágæti sitt og gert góðan skóla enn betri.



## Félagslíf í MK


Félagslíf skólans hefur verið í miklum vexti. Það eru alltaf fleiri og fleiri virkir þátttakendur í mótun þess. Stjórn NMK og nefndir á vegum þess hafa lagt sig fram um að hafa félagslífið fjölbreytt og skemmtilegt og þeim til stuðnings er Jóhanna Aradóttir, tómsunda- og félagsmálafræðingur, sem starfar sem félagslífsfulltrúi í skólanum.

Nemendafélagið stóð fyrir þremur dansleikjum á árinu, en fella varð niður Tyllidagaballið þetta árið vegna óviðráðanlegra orsaka. Myrkramessa er fyrsta ball ársins og var hún mjög stór og vegleg að þessu sinni. Árshátíð skólans var haldin að venju þar sem nemendur og starfsmenn skólans komu saman og áttu góða stund. Hefð hefur verið fyrir því að hátíðarkvöldverðurinn sé matreiðdur og borinn fram af nemendum í matreiðslu, bakstri og framreiðslu. Matseðillinn er ákveðinn í samvinnu nemenda í þessum greinum og stjórnar NMK. Nýnemadagur og nýnemaball var haldið í byrjun september. Ákveðið var að árleg nýnemaferð í Vatnaskóg yrði í beinu framhaldi af nýnemavígslunni. Tyllidagar í október hafa vakið mikla lukku. Þetta árið var diskóþema. Dagskráin hafði skemmtilegan diskóblæ og var Orminum breytt í diskóklúbb með alvöru diskóljósaólfi. Í tilefni af Tyllidögum var gefið út skólablað og rekin útvarpsstöð í skólanum.

Urpið var haldið í samvinnu við FG þetta árið, en keppnin fór fram í Salnum í Kópavogi. Þetta fyrirkomulag tókst mjög vel og skapaðist skemmtileg stemming. Dómarar voru Jói P, Króli og GDNR. Valdimar kom og skemmti í hléi. Tindra Gná Birgisdóttir sigraði í keppninni og tók þátt í söngkeppni framhaldsskólanna á Akranesi fyrir hönd skólans.

MK deildin er fótboltamót í skólanum sem tókst mjög vel og var þátttaka góð í ár.

Skólinn keppti í Gettu betur og í framhaldi af því hélt Gettu betur hópurninn áfram starfi sínu



og hittist vikulega til að skemmta sér saman og æfa fyrir næsta ár. Haustið 2019 fór af stað hópurn sem hittist vikulega og spilar saman Dungeons and dragons (eða D og D) og gekk það mjög vel. Til viðbótar voru haldnir ýmiskonar aðrir smærri viðburðir í skólanum.

Stjórn Nemendafélags MK og öllum þeim sem hafa komið að nefndarstarfi og undirbúningi og framkvæmd viðburða er þakkað fyrir vel unnin störf á árinu.

### Nýnemaferð


Að venju var farið með stóran hóp nýnema í Vatnaskóg þar sem markmiðið var að þetta raðir hópsins. Þar var boðið upp á ýmsar uppákomur og einnig ratleik. Má segja að nemendur hafi skemmt sér mjög vel og höfum við fregnir af því að sumir hafi eignast góða vini í ferðinni. Með í ferðinni voru félagslífs- og forvarnafulltrúar, ásamt fjórum starfsmönnum skólans. Stjórnendur sáu um eldamennskuna af sinni alkunnu snilld. Boðið var upp á sérhannaðan hamborgara með „öllu“ að hætti áfangastjóra verknáms.



## Námsráðgjöf í MK

### Fjölmenningarstefna

Í Menntaskólanum í Kópavogi njóta allir jafnrar virðingar óháð kynþætti, litarhætti, kynferði, trú, stjórnmálaskoðunum, ætterni, fötlun eða félagslegri stöðu. Leitast er við að koma sérstaklega til móts við þarfir nemenda af erlendum uppruna með íslenskukennslu og fræðslu um íslenskt samfélag og menningu, aðstoð við heimanám, jafningjastuðningi og öðrum þeim ráðum sem að gagni mega koma til þess að þeim gangi sem best í náminu. Lögð er áhersla á að styrkur fjölmenningar verði nýttur til góðs fyrir skólasamfélagið.




### Stuðningur við nemendur af erlendum uppruna

Til að kanna íslenskukunnáttu nemenda af erlendum uppruna taka námsráðgjafar viðtöl við alla nýja nemendur af erlendum uppruna í byrjun annar til að afla upplýsinga um hvort þörf sé á sérstakri námsaðstoð.

Nemendum af erlendum uppruna og nemendum sem búið hafa lengi erlendis stendur til boða að taka íslensku sem annað mál (ísan-áfangi). Nemendur sem eiga í erfiðleikum með að skilja námsefni í einstökum námsgreinum eiga kost á að fá sérstaka aðstoð hjá viðkomandi námsgreinakennara (verkefnatímar).

Nemendur eru hvattir til að fara í stöðupróf í sínu móðurmáli og fá þær einingar metnar. MK hefur leitast við að halda stöðupróf í



tungumálum en einnig verið í samstarfi við aðra framhaldsskóla. Nemendur fá aðstoð með yfirllestur á lokaritgerð hjá íslenskukennara óski þeir eftir því.

Fylgst er sérstaklega með námsgengi hvers og eins nemanda og reynt að bregðast strax við ef þörf er á.

### Mentor

Ef nemandi af erlendum uppruna á í erfiðleikum með félagslega aðlögun og/eða vantar aðstoð við að skilja námsefnið vegna lítillar íslenskukunnáttu, stendur honum til boða að námsráðgjafi reyni að finna fyrir hann mentor. Hlutverk mentorsins er að aðstoða og styðja, hvort sem það er félagslega eða námslega.



## Erlent samstarf

Skólinn leggur áherslu á erlent samstarf og skilgreinir það sérstaklega í skólanámskrá. Í skólanum starfar alþjóðafulltrúi í hlutastarfi og sér um að halda utan um erlend verkefni skólans og styrkumsóknir. Alþjóðafulltrúinn sér einnig um starfsnám MK-nema erlendis og móttöku erlendra nema frá samstarfsskólum.

Mikil gróska hefur verið í erlendum samstarfsverkefnum af ýmsu tagi að undanförunu og eru allar líkur á að sú þróun haldi áfram. Verkefni af þessu tagi væru ekki möguleg nema fyrir tilstilli styrkja úr samevrópskum sjóðum sem ætlað er að styðja við menntun og samskipti skólafólks innan Evrópu.

Menntaskólinn í Kópavogi hefur hlotið vottun **VET Mobility Charter** vegna náms- og þjálfunarverkefna í starfsmenntahluta Erasmus+ menntaáætlunar ESB. Vottunin felur í sér ákveðinn gæðastimpil á erlend námsverkefni skólans og hjálpar til við að byggja upp samstarf við erlenda aðila. Einnig auðveldar þessi vottun alla áætlanagerð og kynningu á erlendum verkefnum fyrir nemendum og kennurum og skapar meiri festu í erlendu samstarfi.

### Erlendir styrkir, ferðir og fundir

Skólinn hefur undanfarin ár getað boðið hópi nýnema að taka þátt í nemaskiptaverkefni sem styrkt eru af Nordplus Junior. Samstarfslöndin í þessu verkefni eru, auk Íslands, Noregur, Svíþjóð, Finnland og Eistland. Nema úr MK fara utan til einnar viku dvalar og eru svo í hlutverki gestgjafa í eina viku á hverju skólaári. Gert er ráð fyrir að ferðir af þessu tagi verði fastur liður í skólastarfinu a. m. k. fram til 2021. Skólaárið 2019-20 er röðin komin að Lahti í Finnlandi en þegar þessar línur eru ritaðar hefur ferðalögum erlendis verið frestað um óákveðin tíma vegna COVID-19.

Frá Nordplus fékkst einnig styrkur í verkefnið „Minutt for minutt“ sem snýst um ferðamál og samfélög í Noregi, Íslandi og Danmörku. Nemendur í ferðafræðiáföngum á Alþjóðabraut MK tóku þátt í verkefninu en erlendu



samstarfsaðilarnir eru frá Nord-Gudbrandsdal videregående skula í Noregi og Midtfyns gymnasium í Ringe í Danmörku. Á vorönn 2019 fóru 17 MK nema til Ringe ásamt tveimur kennurum.

Á árinu voru í gangi tvö verkefni sem styrkt eru af menntasjóðum EFTA landanna. Bæði verkefnin eru á raungreinasviði. Fyrri verkefnið snýst um að auka stafræna færni og ber enska heitið Digital Competences for Education. Í októbermánuði fóru allir stærðfræðikennarar skólans í vinnuferð til Tékklands á vegum verkefnisins en samstarfsskólinn er Gymnasium Teplice í samnefndri borg. Síðara verkefnið er samstarfsverkefni þriggja landa – Íslands, Tékklands og Noregs – og snýst það um orku- og umhverfismál. Gert er ráð fyrir að tveir kennarar og 13 nemendur taki þátt í verkefninu sem mun að mestu unnið fyrir hluta árs 2020.

Á síðasta ári hlaut MK ríflegan styrk frá starfsmenntahluta Erasmus+ til að senda nema í ferðagreinum, framreiðslu og matreiðslu til starfsnáms erlendis og einnig til að kennarar á matartæknasviði gætu heimsótt samstarfsskóla í Danmörku. Í aprílmánuði fóru fimm matartæknakennarar í vel heppnaða ferð til Danmerkur þar sem þær kynntu sér ýmsar nýjungar í kennslu og einnig vinnslu máltíða fyrir einstaklinga með sérþarfir, t.d. vegna sjúkdóma eða veikinda. Í júní og júlí fór einn matreiðslunemi til starfsnáms á virtum veitingastað í Kaupmannahöfn og tveir nemar fóru í sömu erindagjörðum til Parísar. Í nóvember fóru síðan tveir bakarnemar til Belgíu þar sem þeir voru við starfsnám í konfektgerð. Meðallengd starfsnámstíma er fjórar vikur.

Í lok nóvember var fjórum MK nemum boðið að taka þátt í norrænni ungmennaráðstefnu um notkun Norðurlandamálanna meðal ungs fólks. Ráðstefnan fór fram að Varmalandi í Borgarfirði og var skipulögð af Samfés og Nordplus.

### Gestir

Erlent samstarf kallar einnig á gestakomur og móttöku nema sem vilja sækja starfsnám sitt á Íslandi. Á vorönn komu átta nemar frá samstarfsskólanum Campus Wemmel í Belgíu ásamt tveimur kennurum til fjögurra vikna námsdvalar á Íslandi. Hér var um að ræða nema í framreiðslu og matreiðslu og sá alþjóðafulltrúi MK um að útvega þeim starfsnámspláss í Reykjavík. Í gegnum árin hefur ómetanlegt samstarf náðst við fyrirtæki í ferðaþjónustu sem og í hótél- og matvælageiranum, en án þess væru verkefni af þessu tagi ekki möguleg.

Húsnaði Hótél- og matvælasólans hefur vakið athygli víða og margir erlendir gestir vilja fá að koma í heimsókn og skoða skólann. Reynt er að verða við slíkum óskum eins og kostur er.

Einnig hefur aukist að kennarar erlendis frá vilji fá að fylgjast með verklegri kennslu í MK og dvöldu þrír kennarar frá starfsmenntaskóla í Tallinn hjá okkur í nokkra daga á vorönninni.

Gott samstarf hefur byggst upp við franska sendiráðið sem hefur undanfarin tvö ár boðið okkur gestakennara á matvælasviði. Í nóvember kom á vegum sendiráðsins matreiðslumeistarinn Anais Haso og var með sýnikennslu í gerð súrsaðra matvæla.

Á hverju ári berst fjöldi fyrirspurna um samstarf og áhugi kennara á evrópskum samstarfsverkefnum eykst jafnt og þétt, eins og sjá má á yfirlitinu hér að framan. Það er því mikilvægt að skólinn geti gefið kennurum og starfsmönnun svigrúm til að sinna slíku starfi, enda enginn vafi á að erlent samstarf eykur vísýni allra sem taka þátt og eflir þroska nemenda.



## Afrekssviðið

Afrekssvið Menntaskólans í Kópavogi var stofnað í apríl 2019. Sviðið er samstarfsverkefni skólans og íþróttafélaganna Breiðabliks, Gerplu og HK sem leggja til aðstöðu og þjálfara í verklegar greinar.

Daði Rafnsson var ráðinn fyrsti fagstjóri Afrekssviðsins og rúmlega sjötíu nemendur stunduðu nám við Afrekssviðið fyrsta árið. Hugmyndafræðin á bak við Afrekssviðið er sú að veita ungu fólki færi á að stunda kröfuhart nám með sveigjanleika sem hæfir íþróttaiðkun. Í Evrópu hefur hugtakið “dual career” verið að ryðja sér rúms um nám með þessum áherslum sem við í MK höfum þýtt sem tvöfaldan ávinning.

Rannsóknir meðal íslenskra ungmenna hafa sýnt að þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi er ein öflugasta forvörnin gegn áfengi og vímuefnum. Brottfall úr íþróttum er einna mest í kringum framhaldsskólaaldurinn þegar skóli og íþróttir keppast um tíma og athygli unglinga. Inntökuskilyrði Afrekssviðs eru að nemendur séu þátttakendur í skipulögðu íþróttastarfi og stundi íþrótt sína af kappi. Nemendur



afrekssviðsins létu vel til sín taka í íþróttahæiminum í vetur enda er hópurinn mjög öflugur. Á fyrsta ári komu nemendur sviðsins úr 17 íþróttagreinum og 14 íþróttafélögum. Nemendurnir sækja verklega og bóklega tíma ásamt því að stunda hefðbundið nám á þeim brautum sem skólinn býður upp á. Reglulega er boðið upp á fyrirlestra um ýmis málafni er brenna á íþróttafólki og reynt að veita innsýn í venjur og siði topp íþróttafólks.



## Forvarnir

Forvarnir eru mikilvægur þáttur í starfi Menntaskólans í Kópavogi. Leiðarljós skólans er m.a. að stuðla að bættri líðan nemenda og að þeir beri ábyrgð á eigin heilsu, jafnt innan skólans og á vegum hans sem og í einkalífi sínu.

Á árinu 2019 gegndi Helena Halldórsdóttir starfi forvarnafulltrúa. Forvarnafulltrúi hvetur nemendur og starfsmenn til heilbrigðra lífshátta t.d. með því að taka þátt í Lífshlaupinu sem er í höndum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og Hjartadagshlaupinu sem haldið var á alþjóðlega hjartadeginum.

Forvarnafulltrúi fylgir nýnemum í Vatnaskóg og



er í góðu samstarfi við stjórnendur, félagslífsfulltrúa og nemendafélag. Dansleikir á vegum skólans hafa vakið mikla lukku og verið vinsælir meðal nemenda og þeirra gesta. Umgjörð dansleikja hefur verið í höndum nemenda, félags- og forvarnafulltrúa.

Á forvarnadaginn var nemendum boðið upp á ávexti og Kristín Þórsdóttir, ACC markþjálfari, var fengin til að vera með fyrirlestur um líkamsmynd og kynheilbrigði. Þar fjallaði hún um allt frá sjálfsfróun yfir í það sem flokkast



undir kynferðisofbeldi. Rauði þráðurinn var þó um mikilvægi þess að setja sér mörk um eigin líkama og sál og bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir og Jón Magnús Kristjánsson yfirmaður bráðalækninga voru fengnir í heimsókn til að fræða nemendur um áhrif kannabisefna á líkama og sál.

Forvarnafulltrúi er í samstarfi við foreldrafélag MK og hefur það samstarf gengið mjög vel. Foreldrafélagið stuðlar að aukinni velferð nemenda og er meðvitað um starfsemi skólans. Einnig hefur foreldrafélagið séð um foreldrarölt á dansleikjum á vegum skólans sem hefur mikið forvarnargildi.

## Ferðamálaskólinn

Á vorönn 2019 voru 17 nemendur skráðir í Starfstengt ferðafræðinám í Ferðamálaskólanum í MK. Í maí útskrifuðust 7 ferðaráðgjafar, þar af einn sem fengið hafði starf sitt hjá ferðaþjónustufyrirtæki metið til eininga. Sjaldan eða aldrei hafa verið jafn fáir nemendur í skólanum. Aðeins hluti nemenda var í fullu námi og margir hópar því býsna litlir. Í dagskóla var kenndur einn ferðamálaáfangi á þriðja þrepi, FERÐ3CA05. Enginn dagskólanemi sótti áfanga í Ferðamálaskólanum á vorönn 2019.

Ekki varð af neinum nemendaferðum á önninni – Berlínarferð, vorferð, Eyjaferð – vegna lítillar þátttöku. Þetta er eitt dæmi um neikvæð áhrif nemendafæðarinnar á skólastarfið. Hópnum var boðið að sækja lokaviðburð Startup Tourism þar sem ýmis frumkvöðlaverkefni í ferðaþjónustu voru kynnt og var góð mæting þar.

Ein hugsanleg leið til að fjölga nemendum í skólanum væri að bjóða upp á fjarnám eða dreifnám. Fagstjóri gerði stutta og óformlega könnun meðal nemenda á því hvað þeim hugnaðist best: fjarnám, blandað nám, námslotur eða núverandi skipulag, en engin afgerandi niðurstaða fékkst úr svörum nemenda.



### Erlent samstarf

AEHT (Assosiation of European Hotel and Tourism Schools) hélt fund í framkvæmdaráði í byrjun mars í Split í Króatíu. Enginn fulltrúi skólans sótti þennan fund. Ársþing og nemakeppni samtakanna fór fram í Split í nóvember og fór fagstjóri Ferðamálaskólans

utan í boði AEHT þar sem hún sá um framkvæmd og yfirdómgæslu í ferðakynningakeppninni líkt og undanfarin ár.

### Innlent samstarf

Vinnu við greiningu á störfum og menntunarpörf ferðaþjónustu sem unnin hefur verið af *Hæfnisetri ferðaþjónustunnar* lauk í byrjun árs og voru niðurstöður greiningarvinnunnar kynntar í maí. Þar kemur meðal annars fram að þörf er á skipulögðu námi á öðru og þriðja þrepi íslenska hæfnirammans. Fjórdi þrepið er þegar með ágætt námsframboð sem og nám á háskólastigi. Fagstjóra ferðamálanáms hefur verið boðið að taka þátt í þróun náms á lægri þrepum en fyrir liggur rammi sem unninn var með Miðstöð símenntunar á Suðurlandi haustið 2018.

Áfram var haldið samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Hólum um þróun diplómanáms í ferðaþjónustu. Haldnir voru þrír fundir á vorönn. Niðurstaða vinnunnar var í meginatriðum sú, að halda áfram samstarfi um þróun diplómanáms á fagháskólastigi sem yrði einhvers konar samstarfsverkefni skólanna þriggja.

### Ferðamálaskólinn - haust 2019

Á haustönn 2019 voru einungis 9 nemendur skráðir í nám í Ferðamálaskólanum og þar af aðeins 4 í fullu námi. Nýinritaðir nemar voru fjórir. Í dagskóla var kenndur ferðamálaáfangi á öðru þrepi, FERÐ2BA05. Engar breytingar urðu á kennaraliði skólans en sökum nemendafæðar var ákveðið að fella niður kennslu í tveimur áföngum: upplýsingatækni ferðaþjónustu og ferðalandafræði Íslands.

### Eitt og annað úr skólastarfinu

Í Ferðamálaskólanum er lögð áhersla á að námið sé hagnýtt og er nemendum boðið í vettvangsferðir og fyrirtækjaheimsóknir auk þess sem fengnir eru fyrirlesarar úr atvinnulífinu. Við lok haustannar var farið í hina hefðbundnu bæjarferð í adventubyrjun. Að þessu sinni fékk hópurinn góðar móttökur og kynningu hjá Meet in Reykjavík. Síðan var haldið út á Granda þar sem Sögusafnið var

heimsótt og endað í spennandi „flugferð“ hjá Fly over Iceland.

og fara sér hægar. Þetta þýðir að færri nemendur útskrifast en áður og hópar geta orðið misjafnlega stórir og oftast en ekki með of



Fjölmargir nemendur skólans – núverandi sem fyrrverandi – eru starfandi í fyrirtækjum innan ferðaþjónustu og fyrirtæki leita reglulega til skólans þegar þau eru í starfsmannaleit. Hlýlegar viðtökur í fyrirtækjaheimsókn bera einnig vott um velvilja ferðaþjónustuaðila til skólans. Áhugi háskólanna á samstarfi við Ferðamálastólann er að sama skapi verður athygli. Þetta þýðir að skólinn hefur verið á réttri leið með námið og við getum svo sannarlega verið stolt af fólkinu okkar, kennaraliðinu og námsframboðinu.

Aðsókn að skólanum mætti þó vera meiri og er hún ákveðið áhyggjuefni, sérstaklega í ljósi þess að æ fleiri nemendur kjósa að stunda hlutanám

fáum nemendum. Auglýsingaherferðir hafa borið takmarkaðan árangur og væri það sorgleg þróun ef leggja þyrfti skólann niður vegna ónógrar aðsóknar eftir meira en 30 ára farsælt starf – sérstaklega í ljósi þess að ferðaþjónusta er nú orðin stærsti útflutningsatvinnuvegur þjóðarinnar.



## Leiðsöguskólinn vor 2019

Tvö kjörsvið voru í boði í Leiðsöguskólanum á vorönn 2019, almenn leiðsögn og gönguleiðsögn. Í maí útskrifuðust 35 nemendur úr skólanum, 27 úr almennri leiðsögn og 8 gönguleiðsögumenn.

### Almennt kjörsvið

Í almennri leiðsögn eru nemendur undirbúnir undir það að leiðsegja erlendum ferðamönnum í rútuferðum. Segja má að farinn sé hringurinn í kringum landið í kennslustundum annarinnar þar sem kennari fræðir nemendur um hvað sé frásagnarvert og skoðunarvert á hverjum stað.

Nemendur fara í fjórar æfingarferðir í rútu þar sem þeir æfa sig í að leiðsegja en það krefst nokkurrar þjálfunar að segja frá úr sæti leiðsögumannsins þar sem leiðsögumaðurinn snýr baki í áheyrendur. Æfingaferðirnar eru Reykjavíkurfærð, Reykjaneshringur, Gullhringurinn og tveggja daga ferð um Snæfellsnes og Borgarfjörð. Sú ferð er nýlunda, en áður var Snæfellsnesið hluti af hringferð nemenda og farin var dagsferð í Borgarfjörð. Tilraunin gafst vel og verður þetta fyrirkomulag áfram. Að auki fara nemendur í tvær prófferðir í rútu, Reykjavíkurfærð og Gullhring, en þá er frásögnin tekin upp og síðan metin af prófdómurum. Við prófdæminguna er ekki bara tungumálakunnátta nemenda metin því frásögnin þarf bæði að vera áhugaverð og skemmtileg fyrir ferðamanninn og leiðsögumaður verður líka að fara rétt með staðreyndir. Námi í almennri leiðsögn lýkur með hringferð um landið þar sem nemendur skiptast á að leiðsegja og fá að auki leiðsögn frá staðkunnum leiðsögumönnum. Í öllum ferðum fá nemendur leiðbeiningar frá kennara um það sem betur má fara í þeirra frásögn og framkomu. Kennsla var í höndum fjögurra kennara en að auki kom nokkur fjöldi gestafyrirlesara að kennslunni. Nýr kennari kom að kennslu í áfanganum SVÆ106 þar sem

aðalkennari áfangans til margra ára hætti vegna aldurs. Nú sjá fjórir kennarar um kennsluna enda er áfanginn stór og umfangsmikill.

Af kjörsviðinu útskrifuðust 27 leiðsögumenn, 12 konur og 15 karlar. Hópurinn getur boðið upp á leiðsögn á átta tungumálum; dönsku, ensku, frönsku, hollensku, norsku, spænsku, sænsku og þýsku. Þrír nemendur útskrifuðust með tvö tungumál að þessu sinni og einn með þrjú tungumál. Átta nemendur eru með meirapróf og geta því tekið að sér ökuleiðsögn.



### Gönguleiðsögn

Gönguleiðsögunemar eru fyrst og fremst þjálfaðir í að fara með ferðamenn í gönguferðir. Þar sem oftast þarf að nota rútu til að koma hópum á upphafsstað göngu og margar ferðir eru blanda af gönguferð og rútuferð þá fá nemendur á þessu kjörsviði einnig nokkra þjálfun í að leiðsegja í rútu.

Nemendur fara í tvær æfingaferðir og eina prófferð í rútu og þjálf sig í leiðsögn með hljóðnema. Mikil áhersla er lögð á verklega þjálfun og fara nemendur í sólarhrings-rötunarferð, æfingaferð í þverun straumvatna og á tvö helgarnámskeið: Vetrarferðamennska 1 og Ferðamennska á jöklum. Helgarnámskeiðin eru í umsjón Íslenskra fjallaleiðsögumanna. Að auki þurfa nemendur að fara í tíu gönguferðir á eigin vegum og skrá upplýsingar í svokallaða loggbók. Ferðirnar þurfa að vera a.m.k. fjórar klukkustundir á göngu. Nemendur læra um veðurfar á fjöllum og um jökla. Þeir fá þjálfun í hópstjórn og fá tilsögn í að nota skyndihjálp fjarri alfaraleið, en ef slys ber að höndum í gönguferðum er oft nokkur bið á aðstoð og því

mikilvægt að leiðsögumenn geti brugðist rétt við og búið vel um hinn slasaða. Í lok annar er farið í fimm daga gönguferð um óbyggðir sem nemendur skipuleggja sjálfir. Nemendur æfa sig í að lesa kort og nota áttavita og GPS tæki sem og að leiðsega hverjum öðrum. Gist er í tjöldum og allur búnaður borinn á bakinu.

Margir kennarar og gestafyrirlesarar koma að kennslu í gönguleiðsögn en sex kennarar halda utan um bóklega áfanga annarinnar.

Fimm karlar og þrjár konur útskrifuðust úr gönguleiðsögn, langflest með ensku sem kjörmál en einn með japönsku. Fjórir eru með aukin ökuréttindi og tveir hafa lokið Wilderness First Responder námskeiði, en það er 8 daga skyndihjálparnámskeið sem veitir alþjóðleg réttindi.

### Val- og endurmenntunarnámskeið

Á vorönn velja nemendur í almennri leiðsögn fjórar einingar og nemendur í gönguleiðsögn tvær einingar. Valnámskeiðin sem eru í boði eru nokkuð fjölbreytt. Hvert námskeið er þrjú kvöld og hvert kvöld er fjórar kennslustundir nema Íslendingasögurnar, þær eru kenndar á fjórum kvöldum. Á vorönn 2019 voru þessi námskeið í boði:

1. Íslendingasögur. Teknar voru fyrir Njáls saga, Egils saga, Laxdæla og Grettis saga.
2. Jarðfræði vinsælla gönguleiða á Íslandi.
3. Bland í poka: Fararstjórn erlendis, náttúrutúlkun og kennsla á GPS tæki.
4. Norðurljós, stjörnuhimininn og manngerðir hellar.

### Svæðisleiðsögn

Leiðsöguskólinn er móðurskóli í leiðsögunámi og hefur sem slíkur haft hönd í bagga með þeim aðilum sem hafa staðið fyrir svæðisleiðsögunámi en svæðisleiðsögn hefur verið kennd víðsvegar um landið. Öll tungumálapróf eru metin af prófdómurum Leiðsöguskólans sem tryggir að þeir sem útskrifast sem svæðisleiðsögumenn hér

á landi standast sömu kröfur og gerðar eru til nemenda í Leiðsöguskólanum.

### Leiðsöguskólinn haust 2019

Innritun í Leiðsöguskólann fyrir skólaárið 2019-2020 var ágæt. Um 40 nemendur hófu nám í ágúst. Nokkuð er um að nemendur dreifi náminu á tvö skólaár og því voru ekki allir í fullu námi. Fjöldi tungumálakennara fer eftir kjörtungumálum nemenda en miðað er við að a.m.k. þrír nemendur séu í hverjum hópi. Að



þessu sinni voru sex hópar í áfanganum TMN102. Enskan er langvinsælust en í því tungumáli voru fjórir hópar og einn hópur í spænsku og þýsku. Engar breytingar voru á kennarahópi skólans að þessu sinni. Að vanda kom fjöldi gestafyrirlesara og prófdómara að skólastarfinu.

## Starfsbraut fyrir einhverfa nemendur

Starfsbraut fyrir einhverfa nemendur var stofnuð við Menntaskólann í Kópavogi haustið 1999. Námið á brautinni er einstaklingsmiðað. Hver nemandi er með sína einstaklingsnámskrá. Námsmat er fjölbreytt og aðferðir taka mið af fjölbreyttum kennsluháttum, námsmarkmiðum og hæfni nemenda. Markmið náms og kennslu á starfsbraut eru:

- að stuðla að alhliða þroska nemandans.
- að veita nemendum einstaklingsmiðað námstækifæri.
- að auka sjálfstraust, sjálfstæði og samskiptahæfni.
- að veita nemendum reynslu, þekkingu og færni sem nýtist þeim í daglegu lífi.

Námsgreinar sem kenndar eru á brautinni eru: íslenska, enska, stærðfræði, samfélagsgreinar, matreiðsla, bakstur og heilsuefning. Á þriðja- og fjórða ári fara nemendur í starfsþjálfun, bæði innan skólans og úti á almennum vinnumarkaði. Þá er einnig lögð mikil áhersla á að kenna nemendum félagsfærni.

### Vorönn 2019

Á vorönn stunduðu 17 nemendur nám á brautinni. Nemendur skiptast í þrjá hópa eftir því hversu umfangsmikil fötlun þeirra er. Starfið á brautinni gekk vel og var með hefðbundnum hætti. Í vor hefur sérstök áhersla verið lögð á þætti er snúa að heilsu og vellíðan nemenda og m.a. var kennt Yoga og núvitund. Var mikil ánægja með þetta. Að auki er hafið nýtt verkefni sem nefnist „The Daily Mile“ sem er aðferð til að koma aukinni hreyfingu inn í daglegt skólastarf.

### Haustönn 2019

Á haustönn 2019 stunduðu 16 nemendur nám á brautinni. Fimm nýnemar hófu nám í byrjun annar. Hefur flestum nýnemunum gengið vel að aðlagast nýju skólaumhverfi og nýjum skólafélögum. Í tilefni af 20 ára afmæli starfsbrautarinnar var ákveðið að bjóða til veislu

og fagna þessum tímamótum. Vel tókst til og það var ánægjulegt hversu margir sáu sér fært að mæta og fagna þessum tímamótum með okkur. Í september sóttu kennarar brautarinnar allþjóðlega ráðstefnu í Nice um það nýjasta í meðferð og kennslu fyrir einstaklinga á einhverfurófi.



## Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd hefur haft í ýmsu að snúast á þessu skólaári.

Strax í upphafi hófst mikið samstarf við femínistafélag NMK og fundir voru haldnir vikulega á bókasafni skólans. Meðlimir femínistanefndarinnar sátu áfanga í kynjafræði hjá öðrum nefndar meðlimi jafnréttisnefndarinnar á haustönn 2019.




Helsta afrek nefndarinnar á þeirri önn, utan þess að afla sér aukinnar jafnréttismenntunar, var að nokkrum salernum á S-göngum skólans var breytt í kynlaus klósett. Markmið aðgerðarinnar er að sjálfsögðu að transfólki og fólki af öllum kynjum líði vel í MK.

Könnun um jafnréttissamþættingu í kennslu var send á kennara skólans en svörun fór mjög hægt og illa af stað. Fjörutíu og tveir kennarar svöruðu að lokum af fimmtíu og átta. Eftir að gengið hafði verið á hópinn fengust ágætlega marktækar niðurstöður sem benda til þess að flestir kennarar Menntaskólans í Kópavogi séu almennt meðvitaðir um jafnréttismál og hafi jafnréttissjónarmið í huga við undirbúning og framkvæmd kennslu.





Strax eftir áramót fór undirbúningur jafnréttisviku af stað og stóð hann allt fram í byrjun mars þegar vikan var haldin með pomp og prakt. Jafnréttisnefndin seldi pizzur til styrktar góðu málefni og skólinn var undirlagður af fyrirlestrum og kvikmyndasýningum tengdum jafnréttismálum.

Ný jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun skólans er í smíðum fyrir skólaárið 2020-2021 en sú gamla er í gagngerri endurskoðun og breytingu í takt við nýjar áherslur í átt að enn aukinni jafnréttisvitund skólasamfélagsins í MK.



## Fagnámskeið

Að venju var boðið upp á ýmis námskeið í Menntaskólanum í Kópavogi. Reyndar hefur Sæmundur Fróði (símenntunarstöð) verið lagður af um tíma, en áfram er áhugi á alls kyns fagnámskeiðum sem hafa verið í boði í samstarfi við stéttarfélagin. MK og Efling stéttarfélag hafa um nokkurra ára bil staðið fyrir Fagnámskeiðum I - III en það er sveigjanlegt, lotutengt nám í grunnnámsgreinum matvæla og veitingagreina. Námið er skipulagt með þarfir fullorðinna og starfandi fólks í huga. Lagt er mikið upp úr gagnsemi námskeiðanna og er markmiðið að auka færni starfsfólks til að sinna störfum sínum í mótuneytum og eldhúsum og til að takast á við fjölbreytileg og síkrefjandi störf í atvinnugreininni. Kennslan beinist að raunverulegum viðfangsefnum þar sem tilteknir verkþættir eru æðir undir handleiðslu fagfólks á viðkomandi sviði. Fyrir Ökuskólann í Mjódd hafa verið námskeið fyrir starfandi leigubílstjóra: Leiðsögn um Reykjavík og nágrenni og Hagnýt atriði í þjónustu við erlenda ferðamenn. Á vegum matvæla skólans hafa verið í boði ýmiss endurmenntunarnámskeið í matvælagreinum, svo sem námskeið í ostagerð, súrdeigsgerð og ofnæmisfæðisnámskeið.



## Mannauður 2019

### Stjórnendur:

Margrét Friðriksdóttir	Skólameistari til 31. júlí
Guðríður Eldey Arnardóttir	Skólameistari frá 1. ágúst
Helgi Kristjánsson	Aðstoðarskólameistari til 31. júlí
Hjördís Einarsdóttir	Aðstoðarskólameistari frá 1. ágúst
Baldur Sæmundsson	Áfangastjóri verknáms
Helene H. Pedersen	Áfangastjóri bóknáms

### Annað starfsfólk:

Adolf Hólm Petersen	Félagsgreinar
Aleksandra Kojic	Félagsfræði
Aníta G. Gústavsdóttir	Næringarfræði
Anna Fanney Ólafsdóttir	Stærðfræði
Ásgeir Þór Tómasson	Bakaraiðn
Ásta Björk Jökulsdóttir	Sálfræði á haustönn
Ásthildur Guðmundsdóttir	Bakaraiðn
Bárður Guðlaugsson	Framreiðsla
Bergrós Ásgeirsdóttir	Franska
Björgvin Friðriksson	Tölvur/upplýsingatækni á haustönn
Caroline Nicholson	Enska
Elín Guðmannsdóttir	Efnafræði
Elísabet Björnsdóttir	Enska
Elisabeth Saguar	Spænska
Eva Hrönn Stefánsdóttir	Enska
Eygló Ingólfssdóttir	Sérkennsla
Fanney Dóra Sigurjónsdóttir	Matreiðsla
Garðar Vilhjálmsson	Viðskiptagreinar/gæðastjóri
Gerður Bjarnadóttir	Íslenska

Guðbjörn Sigurmundsson	Íslenska
Guðjón Snæfeld Magnússon	Skyndihjálp
Guðlaug Ragnarsdóttir	Matvælagreinar
Guðný Pálsdóttir	Enska, leyfi á vorönn
Guðný Ingibergsdóttir	Framreiðsla á haustönn
Guðný Jónsdóttir	Matvælagreinar
Guðríður Hrund Helgadóttir	Þýska
Guðrún Angantýsdóttir	Stærðfræði
Guðrún Sigurgeirsdóttir	Matsveinanám á haustönn
Hallgrímur Sæmundsson	Framreiðsla
Harpa María Wenger Eiríksdóttir	Ferðafræði
Heiðrún Hjaltadóttir	Enska
Heimir Freyr Hálfðanarson	Íslenska
Helena Halldórsdóttir	Sálfræði/forvarnafulltrúi
Helena Björk Magnúsdóttir	Þýska, leyfi
Hermann Þór Marinósson	Matreiðsla
Hildur Guðrún Hauksdóttir	Danska
Hinrik Carl Ellertsson	Matreiðsla
Hjördis Einarsdóttir	Félagsfræði á vorönn
Hugó Rasmus	Stærðfræði
Inga Karlsdóttir	Íslenska fyrir útlendinga, leyfi á vorönn
Ingibjörg Haraldsdóttir	Eðlisfræði
Ingibjörg Karlsdóttir	Jarðfræði, í leyfi
Ingunn Gylfadóttir	Danska, á haustönn
Íris Mjöll Ólafsdóttir	Upplýsingatækni/tölvuumsjón
Jóhannes Geir Númason	Kjötiðn
Jón Eggert Bragason	Stærðfræði/raungreinar
Jorge Eduardo Montalvo	Jarðfræði
Karítas Sif Halldórsdóttir	Tölvur/tölvuumsjón á vorönn
Kristín Bjartmarsdóttir	Ferðagreinar/viðskiptagreinar

Laufey Ófeigsdóttir	Sálfræði, leyfi á haustönn
Margrét S. Sigbjörnsdóttir	Matartæknar
Margrét S. Sigurðardóttir	Líffræði
María Hjálmtýsdóttir	Spænska/kynjafræði
María Ben Ólafsdóttir	Félagsgreinar á haustönn
Nanna Andrésdóttir	Sérkennsla
Ólafur Þór Þorsteinsson	Sagnfræði
Ólöf Björg Kristjánsdóttir	Fatahönnun/viðskiptagreinar
Ragnar Wessman	Matreiðsla
Ragnheiður Guðjónsdóttir	Næringarfræði/matvælagreinar
Ragnheiður Lárusdóttir	Lífsleikni/íslenska
Sara Pétursdóttir	Íslenska
Sigmar Pétursson	Framreiðsla
Sigríður Þórðardóttir	Íslenska
Sigrún Guðmundsdóttir	Viðskiptagreinar
Sigrún Óskarsdóttir	Viðskiptagreinar/stærðfræði
Sigurður Daði Friðriksson	Matreiðsla
Sigurlaug Rúnarsdóttir	Danska, leyfi á haustönn
Silja Brá Guðlaugsdóttir	Framreiðsla, leyfi á haustönn
Soffía Ófeigsdóttir	Íslenska
Sólveig Ebba Ólafsdóttir	Stærðfræði
Stefán Svavarsson	Saga
Unnsteinn Ó. Hjörleifsson	Matreiðsla
Vilhjálmur Þór Sigurjónsson	Stærðfræði/tölvuumsjón
Þórir Bergsson	Viðskiptagreinar
Ægir Friðriksson	Matreiðsla
Ásdis Óskarsdóttir Vatnsdal	Fagstjóri ferðamálanáms
Daði Rafnsson	Fagstjóri afrekssviðs
Daníel Ingi Guðmundsson	Stuðningsfulltrúi
Díana Rut Árnadóttir	Þjónustuliði



Dóra Björg Jónsdóttir	Fulltrúi
Dorota Piotrowska	Mötuneyti
Ernesta Cibulskiene	Matráður
Elísabet Guðmundsdóttir	Fjármálastjóri
Geirlaug Ingólfsdóttir	Þjónustuliði
Guðmundur Kristinn Jónsson	Innkaupastjóri
Guðni Jónsson	Stuðningsfulltrúi
Guðrún S. Helgadóttir	Námsráðgjafi
Gunnfríður Friðriksdóttir	Þjónustuliði
Halldór Eyþórsson	Innkaup
Kristín Hrönn Þráinsdóttir	Fagstjóri leiðsögunáms
Ingibjörg Jónsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Jóhanna Aradóttir	Félagslífs- og mætingafulltrúi
Jóhanna Jónsdóttir	Þroskaþjálfari
Jón Ingvar Valdimarsson	Netstjóri
Katarzyna Baranowska	Þjónustuliði
Magnea Þorbjörg Einarsdóttir	Þjónustuliði
Maria Lilebeth T. Oriol	Þjónustuliði
Miranda Dorota Borowska	Mötuneyti
Pawel G. Piotrowski	Þjónustuliði
Ragna Gísladóttir	Ræstingastjóri
Sigríður Guðrún Sveinsdóttir	Náms- og skrifstofustjóri
Svetlana Pushkar	Mötuneyti
Wioletta Mierzejewska	Þjónustuliði
Þórarinn Halldórsson	Umsjónarmaður fasteigna
Þórdís Þórisdóttir	Námsráðgjafi

## **Skólanefnd 2019**

### **Aðalmenn án tilnefningar**

María Guðjónsdóttir

Magnea Lillý Friðgeirsdóttir

Steinþór Jónsson

### **Aðalmenn samkvæmt tilnefningu Kópavogsbæjar**

Flosi Eiríksson formaður

Guðmundur Birkir Þorkelsson

### **Varamenn án tilnefningar**

Theodór Bender

Pétur Magnús Birgisson

Andri Steinn Hilmarsson

### **Varamenn samkvæmt tilnefningu Kópavogsbæjar**

Anna María Bjarnadóttir

Jón Guðlaugur Magnússon

### **Áheyrnarfulltrúi kennara**

Gerður Bjarnadóttir

### **Áheyrnarfulltrúi foreldra**

Guðný Karen Ólafsdóttir

### **Áheyrnarfulltrúi nemenda**

Formaður nemendafélags, Sigrún Júlía Ólafsdóttir

## Yfirlit um afkomu 2019

miðað við bókhald 02.04.2020

<b>Tekjur</b>	<b>Rauntölur</b>	<b>Rekstraráætlun</b>	<b>Frávik</b>	<b>%</b>
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	1.426.896.442	1.406.076.000	20.820.442	1,5%
Framlag ríkissjóðs til afskrifta	26.844.898	19.510.252	7.334.646	37,6%
Sértekjur	103.404.714	96.333.456	7.071.258	7,3%
Aðrar rekstrartekjur	13.519.445	12.471.000	1.048.445	8,4%
<b>Samtals</b>	<b>1.570.665.499</b>	<b>1.534.390.708</b>	<b>36.274.791</b>	<b>2,4%</b>
<b>Gjöld</b>				
Laun	1.115.256.070	1.078.790.695	36.465.375	3,4%
Ferðir og fundir	19.898.347	15.414.042	4.484.305	29,1%
Rekstrarvörur	68.737.796	64.076.866	4.660.930	7,3%
Aðkeypt þjónusta	39.444.262	31.249.206	8.195.056	26,2%
Húsnæði	315.747.082	306.425.334	9.321.748	3,0%
Rekstrarkostnaður	3.401.092	4.076.541	-675.449	-16,6%
Afskriftir	26.927.343	24.772.909	2.154.434	8,7%
<b>Samtals</b>	<b>1.589.411.992</b>	<b>1.524.805.593</b>	<b>64.606.399</b>	<b>4,2%</b>
<b>Áætluð afkoma (-tap) ársins</b>	<b>-18.746.493</b>			

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2020-2022

Ríkisaðili	Menntaskólinn í Kópavogi	Ráðuneyti	Mennta og menningarmálaráðuneyti				
Ábyrgðaraðili	Guðríður Eldey Arnardóttir, skólameistari						
<b>A Kjarnastarfsemi</b>							
<p>Skólinn er kjarnaskóli í hótél- og matvælagreinum sem og ferðagreinum samhliða því að bjóða upp á almennt bóknám. Skólinn hefur lagt sérstaka áherslu á upplýsingatækni í öllu skólastarfi og sérstaklega er fjallað um jafnréttis – og umhverfismál innan skólans þvert á námsgreinar. Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli þar sem boðið er upp á hollan og næringarríkan mat í mötuneyti skólans. Skólinn hefur þegar fengið jafnlaunavottun á árinu 2019. Í skólanum er einnig starfsbraut fyrir nemendur með einhverfu og skólinn sinnir kennslu í Krýsuvík. <b>Fjöldi nemenda</b> við skólann við upphaf haustannar 2019 var 925, 870 í dagskóla og 55 í kvöldskóla. Af nemendum skólans eru 211 nemendur innritaðir í matvælagreinar og 48 í ferðagreinar. <b>Skólanámskrá</b> Menntaskólans í Kópavogi er á heimasíðu skólans, www.mk.is, og var síðast endurskoðuð í mars 2017. Allar námsbrautir skólans hafa hlotið staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.</p> <p>Um þessar mundir er verið að innleiða nýtt skjalavistunar- og málakerfi sem mun hafa í för með sér aukið utanumhald og betra skipulag gagna. Fyrir liggur stórt verkefni um innleiðingu á nýjum lögum um persónuvernd. Nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku hefur fjölgað í Kópavogi og sækja þeir í auknum mæli nám sitt í skólann. Skólinn hefur sett sér fjölmenningsstefnu og móttökuáætlun og verkefni framundan að aðlaga skólastarfið að þörfum þessa hóps en þegar er boðið upp á sérhannað íslenskunám fyrir nemendur af erlendri rót og verið er að skoða frekari stuðning í íslensku þvert á námsgreinar.</p>							
<b>Markmið, mælikvarðar og aðgerðir</b>							
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2022
A1	Minnka brottfall nýnema í bók- og verknámi og auka hlutfall innritaðra nýnema sem ljúka námi við skólann.		Brottfall nemenda á fyrsta námsári	Skráning nemenda í Innu	5%	5%	5%
			Fjöldi nemenda sem ljúka fyrsta ári og innritast á annað námsár við skólann	Skráning nemenda í Innu	76%	80%	90%
<b>Tengist markmiði málaflokks</b>							
Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma							

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2020-2022**

Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir	
A1.1	Stofnun afreksíþróttasviðs við skólann með sérstökum umsjónarkennara				2019	2022	
A1.2	Sérstök umsjón með nýnemum, vikulegir fundir og eftirlit með mætingum				2017	2022	
A1.3	Ráðning fjarvista- og nemendafulltrúa sem fylgist með mætingum nemenda og heldur utan um eldri nemendur				2018		
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2018	Viðmið 2020	Viðmið 2022
A2	Fjölga nemendum í kjötiðn/bakstri og leita samstarfs við verknámsskóla á landsbyggðinni t.d. með fjarnámi og staðlotum.		Fjöldi innritaðra nemenda	Gögn úr Innu	4/11	10/20	30/40
			Fjöldi útskrifaðra nemenda	Fjöldi við útskrift	5/12	10/20	30/40
<b>Tengist markmiði málaflokks</b>							
<i>Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir	
A2.1	Kennsla í Ferðamálastólaskóla endurskoðuð og boðið upp á fjarnám með staðlotukerfi.				2019	2021	
A2.2	Sérstök kynning á matsveinanámi og matartæknanámi og starfsfólki mótuneyta auðveldað að öðlast starfsréttindi í greininni með síðdegis- og kvöldkennslu.						
A2.3	Kynningarafangir matvælagreina fyrir nemendur að loknum grunnskóla, aðstoð við að komast á námssamninga að fyrsta námsári loknu.						
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2022
A3	Fyrirkomulag fullorðinsfræðslu endurskoðað og aðgengi vinnandi fólks auðveldað.		Nemendafjöldi í Ferðamálastólaskólanum	Fjöldatölur Innu	8	20	30
			Nemendafjöldi í Leiðsöguskólanum	Fjöldatölur Innu	40	50	60
			Fjöldi námssamninga nemenda í grunndeild matvæla *	Hlutfall námssamninga	30%	50%	80%
<b>Tengist markmiði málaflokks</b>							
<i>Nemendum bjóðist heildstætt og markvisst starfsnám</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir	
A3.1	Kennsla í Ferðamálastólaskóla endurskoðuð og boðið upp á fjarnám með staðlotukerfi				2019	2021	

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2020-2022**

<b>A3.2</b>	Sérstök kynning á matsveinanámi og matartæknanámi og starfsfólki mötuneyta auðveldað að öðlast starfsréttindi í greininni með síðdegis- og kvöldkennslu.	2017	2019
<b>A3.3</b>	Kynningaráfangi matvælagreina fyrir nemendur að loknum grunnskóla, aðstoð við að komast á námssamninga að fyrsta námsári loknu. Sérstök markaðssetning matvælagreina með markvissu fjölmiðla- og kynningarstarfi.	2017	2019

*\*Íðan heldur utan um námssamninga í dag og því hefur skólinn ekki nákvæm gögn um þá samninga. Aukin skilvirkni myndi felast í því að verknámsskólar héldu sjálfir utan um námssamninga.*

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2020-2022**

B Rekstrarþættir						
<p><b>Mannauður:</b> Kennarar og aðrir starfsmenn við skólann eru 105. Kennarar eru 76 í 72,5 stöðugildum. Innan Ferðamála – og leiðsöguskólans starfa stundakennarar. Stjórnunarteymi skólans samanstendur af skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra bóknáms, áfangastjóra verknáms, fjármálastjóra og skrifstofustjóra í 6 stöðum. Með stjórnunarteymi starfar gæðastjóri í hálfri stöðu. Tveir náms- og starfsráðgjafar starfa við skólann í einu og hálfu stöðugildi. Starfsmaður í einu stöðugildi hefur eftirlit og utanumhald með mætingum og styður við félagslíf nemenda.</p> <p><b>Stefnur skólans:</b> Skólinn hefur sett sér stefnur í samræmi við markmið og áherslur í skólastarfinu. Þær eru stefna MK, hlutverk og leiðarljós, alþjóðastefna, forvarnastefna, fjölmenningsstefna, gæðastefna, heilsustefna, jafnréttisstefna, menntastefna, starfsmannastefna, umhverfisstefna, upplýsingatæknistefna, vinnuverndarstefna, innkaupastefna og eineltis- og áreitnistefna. Allt starf skólans er gæðavottað og fylgir skýrum og skilgreindum verkferlum skv. ISO9001:2015 og HACCP hvað varðar matvælagreinar. Skólinn er bóknáms- og verknámsskóli og byggir á þremur stöðum bóknáms, ferðamálanáms og náms í matvælagreinum og er bæði kennt á daginn og kvöldin. Vorið 2020 verður í fyrsta skipti í langan tíma boðið upp á fjarnám í Ferðamála skólanum og einstaka kenndum bóknámsáföngum.</p>						
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2018	Viðmið 2020	Viðmið 2022
B1	Innkaupaferli skólans verði endurskoðað	Innkaup verði sundurliðuð eftir mismunandi kostnaðarstöðum	Kostnaður vegna hrávörukaupa	Grunnstaða 100	Lækkun um 5%	Lækkun um 10% frá 2018
		Að innkaup verði hagkvæmari og skólanum bjóðist betri verð frá birgjum	Samningar við birgja		Að fyrir liggi samningar við helstu birgja skólans	Að öll innkaup fylgi gerðum samningum
		Að nemendur vinni einungis úr úrvalshráefnum með lágmarks kostnaði				
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Starfslýsingu og ábyrgðarsviði innkaupastjóra breytt				2019	2020
B1.2	Nákvæm greining á rekstrarkostnaði mismunandi eininga skólans				2019	2021
B1.2	Skýrari verkferlar og innanhúss áætlanir um pantanir og móttöku hráefnis				2019	2021

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2020-2022

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2018	Viðmið 2020	Viðmið 2022
B2	Aðstaða skólans til verklegrar kennslu skuli bætt enn frekar og verði framúrskarandi					
		Aðstaða í bakaríi				
		Aðstaða í kennslueldhúsum				
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Endurnýjun þriðja kennslueldhúss ásamt framreiðslulínu í mötuneyti nemenda					
B2.2	Endurnýja kalt eldhús					
B2.3						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2022
B3	Betri nýting fjármuna		Starfslýsingar			
			Rýni starfsfólks á eigin verkefnum			
			Yfirvinnuhlutfall			
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Dregið úr tilfallandi yfirvinnu með skýrari verkaskiptingu				2020	2022
B3.2	Starfslýsingar og verkaskipting endurskoðuð meðal stjórnenda					